

1863.
23. júlím.

64. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til sýslumannsins á Vestmannaeyjum, um flutning á líki.

H. Bohn urtasali hefir sótt um leyfi til þess, að grafa megi upp líkkistu bróður síns, Carl Henning Bohns factors, er andaðist á Vestmannaeyjum í janúarmánuði þ. á. og jarðaður var þar í kirkjugarðinum, og flytja síðan líkið hingað í sínkistu, er lokið sé lóðað yfir.

Um þetta skal yður, herra sýslumaður, kunngjört, til þess þér hagið yður þar eptir og gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið ekki álitur, að neitt sé því til fyrirstöðu, að leyfi þetta sé veitt hlutaðeiganda; þó ber yfirvaldinu að hafa eptirlit með því, þegar líkið er grafið upp og flutt burt; skal og við hafa tilhlýðilegar varúðarreglur, og ber þess einnig að gæta, að sóknarpresturinn riti um þetta athugasemd í kirkjubókina.

17. ágústm.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skil fyrir sýslugjöldum og um sýslureikninga.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði skrifazt á við reikningastjórnardeild konungsríkisins útaf bréfi amtsins, dagsettu 23. d. aprílm. þ. á., en í því bréfi hefir amtíð leitazt við að sýna fram á, að sýslumönnum sé ómögulegt að breyta eptir því, sem fyrir er mælt í bréfi greindrar stjórnardeildar 28. febrúarm. þ. á. um, að reikningar þeirra eigi með fullum skilríkjum að vera komnir til amtsins fyrir 31. d. maímán. á ári hverju, þá hefir stjórnardeildin í álitsskjali sínu um málið, dags. 10. f. m., meðal annars tekið fram, að tekjum ríkissjóðsins, sem sýslumenn eigi að senda reikning fyrir innan þessa tíma, sé þannig varið, að í reikningum þessum eigi að gjöra skil fyrir erfðagjöldum, er fella árið á undan, fyrir kóngstíund þeirri, sem sett er um haustið árið þar á undan, og greiðast átti í fardögum næstliðins árs (þ. e. 6. júním.)¹⁾, fyrir sýsluafgjöldun-

¹⁾ Þetta ber þannig að skilja, að kóngstíund sú, sem sýslumenn